




VIÐBRAGÐSÁÆTLUN SAGAFILM VEGNA ÁREITNI EÐA EINELTIS

Sagafilm hefur sett sér jafnréttis- og jafnlaunastefnu. Þar kemur fram að kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni eða einelti eru aldrei liðin hjá Sagafilm. Við viljum að komið sé fram við alla starfsmenn af sanngirni og virðingu. Þessi viðbragðsáætlun er sett fram til að lýsa viðbrögðum ef upp koma tilfelli sem gætu falið í sér áreitni eða einelti.

1. skref: Greining



2. skref: Inngrip



3. skref: Eftirfylgni



ORÐSKÝRINGAR

Einelti: “Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna enda leiði slíkur skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur ekki til þeirrar háttsemi sem lýst er hér að framan”.

Tilkynning: Tilkynning getur borist til starfsmannastjóra eða fulltrúa Sagafilm hjá Vinnuvernd.

Óformlegt inngrip: Dæmi 1: Þolandi ræðir við meintan geranda og nýtur þar stuðnings yfirmanns, starfsmannastjóra eða trúnaðarmanns á vinnustað. Dæmi 2: Málamiðlun – lausnamiðuð nálgun með aðstoð þriðja aðila, til dæmis starfsmannastjóra eða fulltrúa frá Vinnuvernd.

Formlegt inngrip: Er þrískipt ferli – rannsókn máls, aðgerðir og eftirfylgni þegar óformlegt inngrip skilar ekki nægilegum árangri, mál þykir alvarlegt eða meintur þolandi fer fram á slík inngrip. Í formlegu inngripi kynnr greiningarhópur sér eða rannsakar tilkynningu og í framhaldi eru að öllu jöfnu tekin viðtöl við meintan þolanda, meintan geranda, yfirmenn og vitni.

Þá eru upplýsingar skráðar með skipulegum hætti og gögnin greind samhliða viðtalsupplýsingum (fundargerðir, skriflegar lýsingar á atburðum o.s.frv.) Einnig eru viðtalsupplýsingar greindar og ályktanir dregnar um vandann og viðbrögð ákveðin. Að lokum er skilafundur þar sem niðurstaða greiningar er kynnt málsaðilum.

Aðgerðir: Aðgerðir velta á niðurstöðum rannsóknar. Mögulegar aðgerðir eru málamiðlun, ráðgjöf/handleiðsla, verkefnum eða starfshlutverkum breytt, flutningur í starfi, formleg áminning eða uppsögn.

Eftirfylgni: Getur falist í því að fylgjast með aðstæðum og líðan geranda og þolanda, veita geranda og/eða þolanda viðeigandi aðstoð, til dæmis viðtöl, kanna árangur aðgerða eða endurskoða aðgerðir.

Greiningarhópur: Getur staðið saman af aðilum innan vinnustaðar, til dæmis starfsmannastjóra og trúnaðarmanni starfsmanna en einnig má kalla til utanaðkomandi aðila sé málið sérlega flókið eða aðilar innan vinnustaðar telja sig ekki hæfa til að taka þátt í inngripi af einhverjum ástæðum. Greiningarhópur þarf ekki nauðsynlega alltaf að samanstanda af sömu aðilum.

Skilafundur: Niðurstaða greiningar kynnt málsaðilum.

Málamiðlun: Lausnamiðuð nálgun með aðstoð þriðja aðila, til dæmis næsta yfirmanns eða starfsmannastjóra.

Ráðgjöf: Nauðsynlegt getur verið að veita þolanda og/eða geranda ráðgjöf í kjölfar tilkynningar og inngrips. Ráðgjöfin getur verið veitt af yfirmanni, starfsmannastjóra eða utanaðkomandi aðila og falist í því að hjálpa geranda að breyta hegðun sinni og hjálpa þolanda að takast á við afleiðingar eineltis.

Handleiðsla: Þó utanaðkomandi aðili sé ekki kallaður til að veita starfsmönnum ráðgjöf getur verið nauðsyn fyrir yfirmenn, starfsmannastjóra eða aðra að fá fræðslu og þjálfun í að veita þá ráðgjöf sem utanaðkomandi aðili veitir ella. Þetta á sérstaklega við í fyrstu skiptin sem yfirmaður, starfsmannastjóri eða annar veitir starfsmanni, hvort sem um er að ræða þolanda eða geranda, ráðgjöf.

Kanna árangur aðgerða: Það er nauðsynlegt að kanna eftir aðgerðir hvort þær hafa borið árangur. Það má til dæmis gera með viðtali við þolanda sem fer fram fljótlega eftir að inngripi hefur lokið.

Endurskoðun aðgerða: Komi í ljós að aðgerðir hafi af einhverjum ástæðum ekki borið árangur er nauðsynlegt að endurskoða þær, lagfæra það sem fór úrskeiðis og reyna aftur.